

# Skýrsla stjórnar fyrir starfsárið 2025-26

## Inngangur

Á starfsárinu 2025-2026 lagði stjórn Leiknar áherslu á endurnýjun heimasíðu og nýtt merki félagsins.

## Stjórn og verkaskipting

Á fyrsta stjórnarfundum starfsársins skipti stjórnin með sér verkum með eftirfarandi hætti:

Hlutverk	Nafn/nöfn
Formaður	Helen Gray
Gjaldkeri	Guðrún Vala Elísdóttir
Ritari	Þórunn Grétarsdóttir
Meðstjórnendur	Björn Garðarsson og Bergþóra Guðjónsdóttir
Varamenn	Oddbergur Eiríksson og Kjartan Jónsson
Skoðunarmenn reikninga	Eyjólfur Sturlaugsson og Þór Pálsson

Stjórnin var bæði með staðfundi og í gegnum Teams. Fundir fóru meðal annars fram í lðunni, hjá Fjölmennt og rafrænt. Á fundi 4. september 2025 var Oddbergur Eiríksson, framkvæmdastjóri Fjölmenntar, kynntur til leiks. Þórunn þurfti að draga sig úr stjórn eftir fyrsta fund félagsins og Helen tók við ritarastarfinu.

## Helstu verkefni starfsársins

### Heimasíðan og lógó

Vinna að endurnýjun heimasíðu Leiknar hélt áfram frá fyrra starfsári. Verkefnið var sett á dagskrá strax í upphafi starfsárs og ákveðið að vinna að einföldun, bættu útliti og skýrari leiðbeiningum um innsetningu efnis á síðuna.

Guðrún Vala var tengiliður stjórnar við Aron hjá Netvöktun vegna heimasíðumála. Á jólafundum stjórnar kom fram að Aron myndi kanna leyfi og tæknilega umgjörð, meðal annars Office/365-lausnir, og vinna að því að leggja fram tillögur að nýju útliti og nýju merki fyrir Leikn.

Á stjórnarfundum í mars 2026 lágu fyrir drög að nýrri heimasíðu og merki félagsins. Ný heimasíða og lógó verða formlega tekin í notkun á aðalfundi félagsins í maí 2026.

### Virgni félagsins og hlutverk

Stjórnin ræddi á starfsárinu hvernig auka mætti virkni og hlutverk félagsins. Rætt var hvort félagið ætti að bjóða upp á erindi eða fræðslufundi, til dæmis í samstarfi við símenntunarstöðvar.

Á starfsárinu voru send fimm fréttabréf til félagsfólks í desember 2025, janúar, mars, apríl og maí. Þau voru hluti af viðleitni stjórnar til að efla upplýsingamiðlun og halda félagsfólki betur upplýstu um starf Leiknar og fékk stjórn jákvæð viðbrögð frá félagsfólki.

## Samtal við stjórnvöld og hagsmunagæsla

Stjórnin lagði áherslu á að Leikn þyrfti að vera virkur þátttakandi í menntaumræðu og stefnumótun sem varðar fullorðinsfræðslu og framhaldsfræðslu. Á fundi 4. september kom fram að formaður hafði gert nokkrar tilraunir til að ná samtali við menntamálaráðuneytið án árangurs.

Í nóvember 2025 var stjórn Leiknar boðuð á fund með menntamálaráðuneytinu vegna stjórnsýslubreytinga í framhaldsskólakerfinu. Stjórnin lagði mikla áherslu á að Leikn tæki virkan þátt í umræðum, og að samtalið við stjórnvöld væri markvisst og fæli í sér raunverulega aðkomu að mótun stefnu og málefna á sviði menntunar.

## Evrópskt og norrænt samstarf

Leikn hélt áfram tengslum sínum við European Association for the Education of Adults (EAEA). Í júní 2025 barst beiðni frá EAEA um stuðning vegna stöðu fullorðinsfræðslu í Belgíu, þar sem fræðslugjöld fullorðinna höfðu hækkað. Stjórnin samþykkti að Leikn skrifaði undir stuðningsyfirlýsingu og formaður annaðist undirritun fyrir hönd félagsins.

EAEA-viðburðurinn Online Meet and Greet var auglýstur á heimasíðu Leiknar, Facebook-síðu félagsins og með tölvupósti til félagsfólks. Guðrún Vala sótti Nordic Baltic-fund í Tallinn sem fulltrúi Leiknar og Helen hefur setið Nordic/Baltic netfundi f. hönd félagsins.

Á fundum stjórnar var einnig rætt um EAEA-fund í júní 2026. Guðrún Vala bauð sig fram til þátttöku og stjórn taldi æskilegt að annar fulltrúi gæti farið með henni ef tæk væru á.

## Manifesto EAEA og þýðingavinna

Guðrún Vala og Helen höfðu skilað styttri útgáfu af þýðingu Manifesto til EAEA. Áfram var rætt um að ljúka þýðingu stærra Manifesto-skjalsins í heild og gera efnið aðgengilegt félagsfólki.

Þýðingavinnan tengist bæði alþjóðlegu samstarfi Leiknar og því markmiði að gera lykilskjöl um fullorðinsfræðslu aðgengileg á íslensku.

## Félagsaðild og skipulag

Á jólafundi stjórnar var tekin til umræðu umsókn frá einstaklingi sem óskaði eftir að verða aðili að Leikn. Ekki var tekin formleg afstaða til umsóknarinnar á fundinum, en fram kom spurning um hvort einstaklingar gætu orðið félagsaðilar samkvæmt skipulagi eða lögum félagsins.

Málið bendir til þess að gagnlegt sé að yfirfara aðildarreglur félagsins og skýra verklag vegna umsókna um aðild.

## Niðurstaða og næstu skref

Starfsárið 2025-2026 snerist að miklu leyti um innra starf Leiknar. Stjórnin vann að því að styrkja stafræna umgjörð félagsins, leggja vinnu í að endurnýja ásýnd þess og undirbúa betri miðlun upplýsinga til félagsfólks og samstarfsaðila.

Ný heimasíða og nýtt merki eru komin vel á veg og næstu skref eru að festa Microsoft 365-umgjörð í sessi, ákveða með hvaða hætti Leikn eykur faglega virkni sína, og styrkja samtal við stjórnvöld og erlenda samstarfsaðila.

F.h. Stjórnar – Helen Gray – formaður

Reykjavík - 20. maí 2026

## Heimildir

- Fundargerð stjórnar Leiknar, 24. júní 2025.
- Fundargerð stjórnar Leiknar, 4. september 2025.
- Fundargerð stjórnar Leiknar, 12. desember 2025.
- Fundargerð stjórnar Leiknar, 11. mars 2026.